

Alþingi

Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 2023
Tilv.:2311771

Efni: 127. mál til umsagnar - tillaga til þál. um Alexanderflugvöll sem varaflugvöll fyrir Keflavíkur-, Reykjavíkur-, Akureyrar-, og Egilsstaðaflugvelli

Vísað er til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 10. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Samgöngustofu við tillögu til þingsályktunar um Alexandersflugvöll sem varaflugvöll fyrir Keflavíkur-, Reykjavíkur-, Akureyrar-, og Egilsstaðaflugvelli, 127. mál.

Samgöngustofa vill benda á mikilvægi þess að nota viðeigandi og rétt hugtök. Fjallað er um og lagt er til að fela ráðherra "að láta gera ítarlega athugun á kostum þess að gera Alexandersflugvöll á Sauðárkróki að varaflugvelli fyrir Keflavíkurflugvöll, Reykjavíkurflugvöll, Akureyrarflugvöll og Egilsstaðaflugvöll".

Samgöngustofa bendir á að flugvellir eru ekki vottaðir sem "varaflugvellir" og í því samhengi er þingsályktunartillagan ekki í samræmi við ákvæði reglugerðar ESB nr. 139/2014 um flugvelli. Varaflugvellir eru notaðir ef ekki er hægt að lenda á ákvörðunarflugvelli eða af öðrum ástæðum og mat er lagt á hvort flugvöllur er nothæfur fyrir tiltekið loftfar við undirbúning og framkvæmd flugs í þessum tilgangi.

Hugtakið "varaflugvöllur" er skilgreint í reglugerð ESB nr. 2021/1296 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur sem:

8c) „varaflugvöllur“: viðunandi flugvöllur sem loftfar getur flogið til þegar það er metið ómögulegt eða óráðlegt að halda flugi áfram eða lenda á þeim flugvelli þar sem áætlað var að lenda, þar sem nauðsynleg þjónusta og aðstaða er fyrir hendi, þar sem unnt er að uppfylla kröfur um afkastagetu loftfars, og sem er starfræktur á þeim tíma sem fyrirhugað er að nota hann; „varaflugvöllur“ nær yfir eftirfarandi:

a) „varaflugvöllur fyrir flugtak“: varaflugvöllur þar sem loftfar gæti lent, ef nauðsyn krefur, skömmu eftir flugtak ef ekki er gerlegt að nota brottfararflugvöllinn,

b) „varaflugvöllur á flugleið“: varaflugvöllur þar sem loftfar gæti lent ef nauðsynlegt reynist að breyta flugleið meðan á flugi stendur,

c) „varaeldsneytis-/orkuflugvöllur á flugleið“: varaflugvöllur á flugleið sem er nauðsynlegur við gerð flugáætlunar til notkunar við útreikning á eldsneyti/orku,

d) „varaflugvöllur ákvörðunarstaðar“: varaflugvöllur þar sem loftfar gæti lent ef það er metið annaðhvort ómögulegt eða óráðlegt að lenda á þeim flugvelli þar sem áætlað var að lenda.“

Ef ætlunin er að kalla eftir því að kannaðir séu kostir þess að gera Alexandersflugvöll á Sauðárkróki að flugvelli sem þjónað gæti magni flugumferðar til jafns við nefnda flugvelli, eða gæti þjónað loftförum af sömu stærð, þá færi betur að þingsályktunartillagan væri orðuð á þann veg og lagt sé til að gera ráðstafanir þannig að flugvöllurinn verði vottaður til samræmis við þá flugvelli sem eru notaðir sem landamærastöðvar og skv. reglugerð ESB um flugvelli nr. 139/2014.

Fjallað er um það í ályktuninni, að nú séu fjórir "meginflugvellir" á Íslandi. Það er óumdeilt að þessir fjórir flugvellir þjóna meiri flugumferð en aðrir, en hugtakið "meginflugvöllur" er þó óþekkt í þessu samhengi og hvergi skilgreint í lögum og reglugerðum á sviði flugmála. Samgöngustofa vill benda á að það sem aðgreinir helst þessa fjóra flugvelli frá öðrum flugvöllum landsins er að þeir eru skilgreindar landamærastöðvar skv. lögum þar að lútandi. Þá eru þeir flugvellir vottaðir skv. Evrópureglugerð um flugvelli en aðrir flugvellir landsins, sem eru með starfsleyfi eða eru skráðir, eru vottaðir skv. séríslenskri reglugerð um flugvelli. Einnig er rétt að nefna að kröfur um flugvernd eru ólíkar milli flugvalla.

Virðingarfyllst,
f.h. Samgöngustofu



Páll S. Pálsson
framkvæmdastjóri flugsviðs